

4., 5. & 6. JANÚAR  
2024

HARPA  
ELDBORG



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Vínartónleikar Sinfóníunnar

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Lengd tónleikanna er um það bil  
tvær klukkustundir með hléi.

---

## Tónlistarflutningur í framhúsi fyrir tónleika og í hléi

Hornleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands  
og Katie Buckley, hörpuleikari

Í tilefni Vínartónleikanna er selt  
svalandi freyðivín á börum í hléi.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV  
og sendir út 7. janúar kl 16:05 á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Vínartónleikar Sinfóníunnar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 4. OG 5. JANÚAR KL 19:30  
OG 6. JANÚAR KL 16:00 OG 19:30

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

### Mirian Khukhunaishvili

hljómsveitarstjóri

### Álfheiður Erla Guðmundsdóttir

einsöngvari

### Oddur Arnþór Jónsson

einsöngvari

### Dansarar

Denise Margrét Yaghi

Gylfi Már Hrafnsson

María Tinna Hauksdóttir

Porkell Jónsson

### Johann Strauss yngri

Die Fledermaus (Leðurblakan)

forleikur

### Emmerich Kálmán

Komm Zigan

aría úr óperettunni Gräfin Mariza

### Franz Lehár

Meine Lippen sie küssen so heiss

aría úr óperettunni Giuditta

### Augusta Holmès

La Nuit et l'Amour

úr Ludus pro Patria

### Emmerich Kálmán

Heller Jubel

dúett úr óperettunni Die Czárdásfürstin

### Johann Strauss yngri

Im Krapfenwaldl

hægur polki

Frühlingsstimmen

Vínarvals

### Hlé

### Leonard Bernstein

Candide

forleikur

### Robert Stolz

Ich hab' mich tausendmal verliebt

úr óperettunni Trauminsel

### Johann Strauss yngri

Banditen-Galopp

hraður polki

### Franz Lehár

Vilja-Lied

aría úr óperettunni Die lustige Witwe

### Leonard Bernstein

Somewhere

úr söngleiknum West side Story

### Johann Strauss yngri

An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)

For information in English  
about tonight's programme,  
please visit the Iceland  
Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Mirian Khukhunaishvili

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Georgíumaðurinn Mirian Khukhunaishvili hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands við nokkur tækifæri á undanförunum árum, meðal annars á Jólástundum einstakra barna nú í ár sem og 2021 og Jólatónleikum sveitarinnar fyrir rúmu ári síðan. Mirian er nú búsettur á Íslandi en hann hefur nú um tveggja ára skeið kennt hljómsveitarstjórn við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Mirian Khukhunaishvili lauk doktorsnámi í hljómsveitarstjórn frá Tónlistarháskólanum í Kraká í Póllandi árið 2020 og hefur sem hljómsveitarstjóri náð skjótum frama. Hann er meðstofnandi og tónlistarstjóri Æskuhljómsveitarinnar í Tíblisi, höfuðborg heimalands síns og hefur stjórnað henni víða, síðast á Young Euro Classic tónlistarhátíðinni í Berlín á nýliðnu sumri. Þá hefur hann stjórnað nokkrum af helstu hljómsveitum Evrópu og unnið með þekktum tónlistarmönnum á borð við Eliso Virsaladze, Paata Burchuladze, Stuart Skelton, George Gagnidze, Nino Machaidze, Valery Sokolov, Alexander Buzlov, Marie-Pierre Langlamet, Anastasiu Kobekina, Veriko Tschumburidze, og Stathis Karapanos.

Mirian Khukhunaishvili er handhafi verðlauna Paavo Järvi-hljómsveitarstjóraakademíunnar 2022–23 sem fram fór í Tonhalle tónleikahöllinni í Zürich í nóvember 2022. Er hann fyrsti keppandinn í sögu akademíunnar sem hlýtur hvoru tveggja Paavo Järvi-námsstyrkinn og alþjóðlegu áhorfendaverðlaunin.

Þá var hann nú í september heiðraður af Ringmann - Jaross Award and Development Program for outstanding Musicians sem stofnað var að tilhlutan hljómsveitarstjórans Christophs Eschenbach.



# Álfheiður Erla Guðmundsdóttir

## EINSÖNGVARI

Sópransöngkonan Álfheiður Erla Guðmundsdóttir stundaði söngnám í Söngskóla Sigurðar Demetz og í Hanns Eisler tónlistarháskólanum í Berlín, þaðan sem hún lauk bakkalár- og meistaranámi. Hún þreytti frumraun sína í Staatsoper Berlin árið 2019 í hlutverki Mjallhvítar í óperunni *Schneewittchen* eftir Wolfgang Mitterer og var boðið að taka þátt í SongStudio, meistaranámskeiði á vegum söngkonunnar Renée Fleming í Carnegie Hall í New York sama ár. Hún er einnig Britten-Pears Young Artist, hefur tekið þátt í Academy Orsay-Royaumont í Frakklandi og hreppti tvenn verðlaun í alþjóðlegu Haydn söngkeppninni í Austurríki.

Álfheiður Erla hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2021 sem söngkona ársins í flokknum sígild og samtímatónlist og var valin í 16 manna úrslit BBC Cardiff söngkeppinnar sama ár. Hún hefur verið fastráðin við Theater Basel í Sviss frá haustinu 2021 og farið þar með ýmis hlutverk, meðal annars Gildu í Rigoletto eftir Verdi, sópranhlutverkið í *Mattheusarpassiunni* eftir Bach og *Einstein on the Beach* eftir Philip Glass og engilinn í *St. François d'Assise* eftir Messiaen. Nýlega kom út platan *Poems* hjá Deutsche Grammophon, en platan inniheldur verk sem Álfheiður söng og samdi ásamt tónskáldinu Viktori Orra Árnasyni við ljóð ýmissa íslenskra ljóðskálda. Álfheiður söng og samdi sömuleiðis rework sem ber nafnið *Notturmo* fyrir píanóleikarann Víking Heiðar Ólafsson sem einnig var gefið út af Deutsche Grammophon. Álfheiður Erla starfar að auki sem ljósmyndari og sameinar gjarnan sjón- og tónlist í verkum sínum. Árið 2022 sá Álfheiður um listræna stjórn og söng á viðburðinum *Apparition* ásamt píanóleikaranum Kunal Lahiry í Eldborgarsal Hörpu, þar sem tón-, dans- og sjónlistir tvinnuðust saman en viðburðurinn var tilnefndur sem tónlistarviðburður ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2023.



# Oddur Arnþór Jónsson

## EINSÖNGVARI

Oddur Arnþór Jónsson, barítón, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2018 sem söngvari ársins fyrir hlutverk Michaels í *Brothers*, margverðlaunaðri óperu Daníels Bjarnasonar á Listahátíð 2018. Hann var útnefndur Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2014 fyrir Rodrigo í *Don Carlo*, sem var frumraun hans í Íslensku óperunni.

Síðastliðið ár hefur hann sungið barítónhlutverkið í *Carmina Burana* eftir Carl Orff með Sinfóníuhljómsveit Íslands, í *Requiem* eftir Mozart með Mótettukórnum, *Lieder eines fahrenden Gesellen* eftir Gustav Mahler í Filharmóníunni í Berlín, aðalhlutverkið í *Brothers* eftir Daníel Bjarnason á Óperuhátíðinni í Kaupmannahöfn og Silvio í I Pagliacci í Óperuhúsinu í Ulm, Þýskalandi.

Við Íslensku óperuna hefur Oddur sungið titilhlutverkin í *Don Giovanni* og í *Rakaranum frá Sevilla*, Rodrigo í *Don Carlo*, Faðirinn í *Hans og Grétu*, Ned Keene í *Peter Grimes*, Greifann í *Brúðkaupi Fígarós* og Barone Douphol í *La traviata*. Önnur óperuhlutverk sem hann hefur sungið eru Wolfram í *Tannhäuser* og Kurwenal í *Tristan und Isolde*, Schaubard í *La bohème*, Oreste í *Iphigène en Tauride* og Prins Yeletsky í *Pique Dame*.

Sem ljóðasöngvari hefur hann flutt *Das Lied von der Erde* eftir Gustav Mahler, *Vetrarferðina* og *Schwanengesang* eftir Schubert og haldið ljóðatónleika tónlistarhátíðum í Evrópu. Oddur hefur sungið bassahlutverkin í helstu kórverkum Bachs, Messíasi og Solomon eftir Händel, Requiem og Krýningarmessunni eftir Mozart, Requiem eftir Faurè, Messa di gloria eftir Puccini, Petite Messe Solennelle eftir Rossini, Te Deum eftir Charpentier og Mysterium eftir Hafliða Hallgrímsson.

Oddur hefur hlotið fjölda viðurkenninga í alþjóðlegum keppnum.



### Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék forleikinn að Leðurblökunni í fyrsta sinn á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í júníbyrjun á stofnári hljómsveitarinnar 1950 og hefur síðan þá leikið hann hátt í 100 sinnum að tónleikum. 17. júní 1952 var óperattan frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og sýnd 35 sinnum með hléum fyrir rúmlega 20 þúsund gesti fram í lok október. Á annan í júlum 1973 var ný uppfærsla frumsýnd og urðu sýningarnar samtals 50 talsins. Íslenska óperan flutti Leðurblökuna vorið 1985 og aftur fjórtán árum síðar. Það sýningaferli endaði með glæsilegri gestasýningu í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum.

# Vínartónlistin í ár

Vínartónleikar hafa verið árlegur viðburður í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðan 1981. Hafa þeir um langa hríð verið langvinsælustu og fjölsóttustu tónleikar sinfóníuhljómsveitar allra landsmanna.

Líkt og á tónleikunum árið 1981 gefur forleikurinn að **Leðurblökunni**, óperettu Johanns Strauss (1825–1899), upptaktinn. Eins og verkið allt er forleikurinn listilega saman settur enda er *Die Fledermaus* eitt allra vinsælasta verk sinnar tegundar og er óperettan undantekningalaust á fjöllum beggja stóru óperuhúsanna í Vínarborg í kringum áramót. Það var höfundurinn sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Theater an der Wien í apríl árið 1874 og styttist því óðum í 150 ára afmæli Leðurblökunnar.

Ungverska tónskáldið Imre eða Emmerich Kálmán (1882–1953) var ásamt landa sínum Franz Lehár í fararbroddi á silfuröld Vínaróperettunnar á fyrsta fjórðungi tuttugustu aldar. Eftir hann liggja 40 óperettur og eru *Mariza greifafrú* og *Sardasfurstynjan* þeirra vinsælastar. Óperettan *Mariza greifafrú* fjallar um titilpersónuna sem er forrík og greifann Tassilo sem hefur þurft að veðsetja arf sinn og systur sinnar Lísu vegna skulda látins föður. Vonbiðlar Marizu, barón Zuspán og Populescu greifi koma mikið við sögu en síðast en ekki síst frænka Tassilos, furstafrú Guddenstein sem kemur til bjargar með því að kaupa til sín allar skuldir frænda síns. Allt fer vel að lokum, Mariza og Tassilo eigast, sem og Lísa og Zuspán en einnig bjargvætturinn furstafrú Guddenstein og greifinn Populescu. Kálmán var sígaunatónlist heimalands síns jafnan hugleikin og gerði hann oft heillandi bræðing úr hinum snarpa sardas og þokkafullum vínarvalsinum. Í aríunni **Komm Zigan** úr fyrsta þætti óperettunnar rekur Tassilo raunir sínar og biður sígauna að koma með fiðluna og spila sér til hugarhægðar.

Síðasta óperetta Franz Léhárs (1870–1948) var *Giuditta* sem var frumflutt í Albýðuóperunni (Volksoper) í Vínarborg í ársbyrjun 1934. Tónskáldið lagði mikið í þetta verk og hugðist með því sameina óperu- og óperettuformið.



### Tónlistin á Íslandi

Sardasfurstynjan eftir Emmerich Kálmán var sýnd í Þjóðleikhúsinu snemmsumars 1964. Sýningin var svo tekin upp um haustið og sýnd fram á vor. Alls urðu sýningarnar 38 og sýningargestir liðlega 17 þúsund talsins. Í helstu hlutverkum voru Eygló Víktorsdóttir, Erlingur Vígússon, Bessi Bjarnason, Herdís Þorvaldsdóttir og Guðmundur Jónsson. Íslenska óperan frumsýndi síðan óperuna 19. febrúar 1993 og var hún sýnd við miklar vinsældir fram á vor. Páll Pampichler Pálsson stjórnaði flutningnum en í aðalhlutverkum voru Signý Sæmundsdóttir og Þorgeir V. Andrésen. Með önnur helstu hlutverk fóru hjónin Sieglinde Kahmann og Sigurður Björnsson, Kristinn Hallsen, Jóhanna Linnet, Bergþór Pálsson og Bessi Bjarnason. Leikstjóri var Kjartan Ragnarssonar.

Verkinu var strax í byrjun frekar fálega tekið og hefur enn ekki tekist að vinna hug tónlistarunnenda. Nokkrar aríur úr *Giuditta* lifa þó góðu lífi og á það ekki síst við sópranaríuna **Meine Lippen sie küssen so heiss**.

Augusta Mary Anne Holmès (1847–1903) var franskt tónskáld af írskum uppruna. Þrátt fyrir mikla tónlistarhæfileika fékk hún ekki inngöngu í Konservatóríið í París en sótti píanónám í einkatímum. Hún vakti þó strax eftirtekt í listalífi bogarinnar þegar tónsmíðar hennar fóru að heyrast. Kynntist hún stórmönnum á borð við César Franck sem gerðist lærifaðir hennar og Franz Liszt sem hvatti hana til dáða í tónsköpun sinni. Augusta Holmès var um margt óvenjuleg kona. Hún bjó opinskátt í óvígðri sambúð og eignaðist fimm börn, gaf verk sín út undir eigin nafni og samdi stór og íburðarmikil tónverk sem þóttu karlmannleg. Meðal þeirra eru dramatískar sínfóníur og tónaljóð, kórverk, tvær óperur og fjöldi sönglaga. **La Nuit et l'Amour** (Nóttin og ástin) er kafli úr *Ludus pro patria*, sínfónískum óði sem hún samdi árið 1888.

Í næsta atriði erum við stödd í 2. þætti óperettunnar *Sardasfurstynjan* eftir Emmerich Kálmán. Sylva Varescu, kölluð Sardasfurstynja og Edwin Ronald furstasonur rifja upp í dúettinum **Heller Jubel** (*Eintóm gleði*) ást sína og rómantískar samverustundir, en nú skilja leiðir vegna væntanlegs hjónabands Edwins og Stasi greifynju. Allt fer þó vel að lokum; Stasi eignast Boni greifa og Sylva sinn Edwin.

Af hartnær 500 verkum Johanns Strauss yngri eru hátt á annað hundrað polkar. Helstu gerðir þeirra eru polka française sem er hægur, polka schnell, hraður polki og polka mazurka sem er í þrískiptum takti og frekar rólegur. Í franska polkanum **Im Krapfenwaldl** (I-ið í endanum er austurrísk smækkunarending) fer tónskáldið með áheyrendur í ferð upp í Vínarskóg (Wienerwald) en Krapfenwald er örlífill hluti skógarins, rétt fyrir ofan hið fræga vínþorp Grinzing. Staðurinn er í dag þekktastur sem útivistarparadís en í ár eru rétt liðlega hundrað ár frá því að þar var opnaður útibaðstaður (Freibad) sem starfræktur er á sumrin. Til gamans má geta að hann var vígður 17. júní árið 1923.

**Frühlingsstimmen** eða **Raddir vorsins** er einn af fegurstu völsum valsakóningsins Johanns Strauss og er þó af nógu að taka. Hann er ef til vill líka stytur þeirra





### Tónlistin á Íslandi

Óperetta Lehárs Káta ekkjan hefur þrisvar sinnum verið sett á fjalirnar í Reykjavík. Fyrst var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu með litlum hléum frá 1. júní til 8. júlí árið 1956 og sáu ríflega átján þúsund manns verkið á 28 sýningum. Káta ekkjan laðaði svo til sín á þriðja tug þúsunda sýningargesta í Þjóðleikhúsið árið 1978. Tæpum tveimur áratugum síðar var hún svo aftur mætt en í þetta skipti á fjalir Íslensku óperunnar við Ingólfsstræti við miklar vinsældir.

og er er ástæðan sú að honum fylgir ekki inngangur. Valsinn var í senn saminn sem konsertvals fyrir sópran og hljómsveit eða hljómsveitina eina og sér. Var hann frumfluttur í Theater an der Wien þann 1. mars 1883 og söng sópransöngkonan Bianca Bianchi valsinn undir stjórn höfundar. Aðeins stuttu síðar eða 18. mars hljómaði hljómsveitarútfærslan í fyrsta sinn og nú í gyllta Musikkverein-salnum í meðförum bróður tónskáldsins, Eduards Strauss.

Leonard Bernstein (1918–1990) var vonarstjarna bandarískrar tónlistar áratuginn eftir síðari heimsstyrjöldina og bræddi saman djass og alvarlegri músík af kunnáttu sem fáum var gefin. Á sínum yngri árum samdi hann nokkra söngleiki fyrir hús á Broadway, meðal annars **Candide** (Birtingur, 1956) eftir ádeilusögu franska upplýsingaskáldsins Voltaires um ævintýri ungs manns sem telur sig búa í „hinum besta heimi allra heima“.

Robert Stolz (1880–1975) er oft nefndur síðasti valsa-kóngurinn. Stolz var afkastamikill tónsmiður á langri ævi og var óperetta hans *Trauminsel* frumflutt sumarið 1962 á fljótandi sviði tónlistarhátíðarinnar í Bregenz sem er höfuðborg sambandslandsins Vorarlberg í Austurríki og liggur að Bodensee-vatninu. Sagan gerist í litlu sjávarþorpi á Mexíkóskri draumaeyju og fjallar um ástir og örlög þar sem árekstrar verða milli heimafólks og aðkomumanna. Veitingamaðurinn Riccardo hefur lofað hinum ofbeldisfulla Rodrigo hönd dóttur sinnar, hinni fögru Marinellu eftir að hann hafði bjargað henni úr sjávarhásku. Dag einn kemur sveppasalinn Rubino í þorpið og gefur Marinu stærsta sveppinn sem tákn ástar sinnar á henni en kyndir um leið undir heift hins afbrýðissama Rodrigos. Hér heyrum við aríu Rubinos **Ich hab' mich tausendmal verliebt** en í framhaldinu bjargar hann keppinaut sínum frá glötun og sagan fær að lokum farsælan endi.

Í hraða polkanum **Banditen-Galopp** sækir Strauss efni í óperettu sína *Prinz Methusalem* þar sem misyndismenn reyna að ræna prinsinn. Þessi tónsmíð er í miklu uppáhaldi hjá undirrituðum og er þýðing annars aðdáanda verksins á titlinum, **Skálkaskeið**, sú besta sem ég kann.

Meiri vinsældum en *Candide* náði næsti söngleikur Bernsteins, *West Side Story* (Saga úr Vesturbænum, 1957). Hugmyndin að baki því verki var sótt til líðandi stundar, nánar tiltekið í fréttaflutning af stríðandi glæpagengjum



### Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur í gegnum tíðina margsinnis flutt forleikinn að Candide en einnig glæsiaríu Kúnígundar úr söngleiknum. Þá hefur hljómsveitarsvíta úr West side Story verið vinsælt viðfangsefni hljómsveitarinnar, ekki síst á skólatónleikum. Skömmu fyrir frumsýningu á West Side Story tók Leonard Bernstein við stöðu aðalstjórnanda Filharmóníuhljómsveitarinnar í New York og varð þar með fyrsti bandaríski stjórnandinn sem hlaut fastráðningu við þá margfrægu sveit. Bernstein varð síðar tíður gestur í Vínarborg og minnisstæðir eru tónleikar og sjónvarpsupptökur hans á öllum sífóníum Gustavs Mahler með Filharmóníuhljómsveit Vínarborgar á áttunda áratug síðustu aldar.

í New York. Snúið er upp á söguna af Rómeó og Júlíu og söguviðið er Manhattan. Tvær klíkur berjast um völd í vesturhluta borgarinnar og tilveran kemst í uppnám þegar piltur og stúlka fella hugi saman, þvert á viðurkennd landamæri. Verkið þótti nýstárlegt þar sem söngleikir höfðu til þessa oftast verið fremur saklaus skemmtun, en svo var ekki hér. Í dúettinum **Somewhere** láta elskendurnir Maria og Tony sig dreyma um framtíð fjarri hatri og ofbeldi.

*Káta ekkjan (Die lustige Witwe)* eftir Franz Lehár (1870–1948) var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1906 og fór strax sigurför um heiminn. Sem dæmi má nefna að verkið var sýnt samtals 777 sinnum eftir frumsýninguna í London árið 1907 áður en haldið var í sýningarferð um Bretlandseyjar. Þá hefur verkið verið kvikmyndað fjórum sinnum. Söguviðið er París, en í óperettunni segir af ekkjinni Hönnu Galwari sem nýlega hefur erft mikil auðævi eftir mann sinn, viðleitni stórhertogans af Pontevedro (afbökun á Montenegro, Svartfjallalandi) til að sjá til þess að hún giftist rétta manningnum í því skyni að forða föðurlandinu frá gjaldþroti, gagnkvæmri ást hennar og Danilos sendiráðsritara en síðast en ekki síst staðfestu hennar sem heiðvirðrar konu. Í veislu sinni til heiðurs stórhertoganum í 2. þætti óperettunnar syngur Hanna **Vilja-lied** (ljóð Vilju), þjóðlag frá heimalandinu sem fjallar um samskipti skógardísarinnar Vilju og ástsjúks mennsks manns.

Oft hefur verið sagt að valsasyrpan **An der schönen blauen Donau** eða *Dónárvalsinn* sé óopinber þjóðsöngur Austurríkismanna. Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karlakór Vínarborgar (Wiener Männergesangsverein) sem hann stjórnaði um árabil. Ári síðar klæddi Strauss syrpana í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

*Sigurður Ingvi Snorrason*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Barbara Hannigan og Mannsröddin

5. APRÍL

Barbara Hannigan snýr aftur í Eldborg og mun flytja margrómaða konsertuppfærslu sína á *Mannsröddinni*, óperueinleik Francis Poulenc. Ljóðræna og leikgleði Hannigan fær að njóta sín í söng jafnt sem hljómsveitarstjórn og verður tjáningu hennar varpað upp á tjald svo úr verður einstakt sjónarspil. Auk *Mannsraddarinnar* stjórnar Barbara Hannigan hinna tónaljóði Richards Strauss, *Metamorphosen*.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS

# Á döfinni með Leilu

11.01 FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30



## Enigma-tilbrigðin

Enigma-tilbrigði Edwards Elgars eru eitt ástsælasta sífóníska stórvirki Breta fyrr og síðar en verkið samanstendur af 14 tilbrigðum sem bregða upp lífandi svipmyndum af vinum tónskáldsins og kunningjum og honum sjálfum. Tónlistin spannar allt frá góðlátlegri glettni til djúpra ástríðna en stefið sem öll tilbrigðin kallast á við heyrir hins vegar aldrei í verkinu sjálfu og er það hin eiginlega ráðgáta sem titillinn vísar til.

Á þessum tónleikum kemur fram fiðlurvirtúósinn og staðarlistamaðurinn Leila Josefowicz í annað sinn á starfsárinu og flytur brakandi ferskan fiðlukonsert skoska tónskáldsins Helen Grime en verk hennar hafa verið lofuð fyrir leiftrandi andagift og einstaka hugkvæmni. „Ég er sérstaklega spennt að geta frumflutt fiðlukonsert Helen Grime á Íslandi,“ segir Josefowicz um verkið. „Hann kraumar af líkamlegri orku til jafns við eitthvað dulrænt og himneskt. Fá ný verk eru skemmtilegri að flytja fyrir fólk.“

12.01 FÖSTUDAGUR  
Kl. 18:00



## Portrett af Leilu Josefowicz

„Tvö snilldarleg einleiksverk fyrir fiðlu, aðskilin af 250 árum.“

Þannig lýsir Leila Josefowicz verkunum tveimur sem hljóma á þessum stuttu og grípandi föstudagstónleikum í Norðurljósum. La linea evocativa eftir Þjóðverjann Matthias Pintscher er innblásið af verkum myndlistarmannsins George Condo og frumflutti Leila Josefowicz það í gallerí þar sem verk hans voru til sýnis í New York árið 2020.

Partítur Bachs fyrir einleiksfíðlu eru ekki síður framsækin tónlist þegar þær eru skoðaðar frá réttu sjónarhorni en í þeim leikur Bach sér að möguleikum fiðlunnar til þess að skapa fjölradda tónlist, auk þess sem hann fléttar saman stórbrotnum laglínunum og hrífandi dansrytmum. Að loknum flutningi á Partítu Bachs nr. 2 situr Leila Josefowicz fyrir svörum og gefst tónleikagestum því einstakt tækifæri til þess að kynnast hinni hliðinni á þessum einstaka listamanni.

# Á döfinni

18.01 FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30



## Myndir á sýningu

Efnisskrá þessara fjörmiklu tónleika stefnir saman ólíkum listformum en þeir hefjast á fjórum dönsum úr balletti argentínska tónskáldsins Alberto Ginastera, þar sem hinir suður-amerísku gaucho-kúrekar eru aðalsöguhetjurnar. Sellókonsert Önnu Clyne, Dance, sækir á hinn bóginn í ljóð persneska ljóðskáldsins Rumi og ber hver þátta hans titil úr ljóðum hans. Verkið hefur hlotið fádæmagóðar viðtökur fyrir hrifandi fagrar laglínur, faguð litbrigði í hljómsveitarskrifum og mikla tilfinningalega dýpt.

Eftir hlé hljómar eitt frægasta verk Modests Mússorgskíjs, Myndir á sýningu. Verkið leiðir hlustandann á eins konar göngu um sýningu þar sem staldrað er við áhrifamiklar myndir sem tendra ímyndunaraflið með vísunum í ævintýri, þjóðsögur og sögufræga staði. Útsetning Maurice Ravel fyrir sinfóníuhljómsveit er snilldarleg og bætir við enn einni vídd í þetta stórbrotna verk.

25.01 FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30



## Jónas Ásgeir og Gjørningaklúbburinn

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum 2024 fá tónleikagestir að upplifa nýstárlegt verk Gjørningaklúbbsins, Flökkusinfónu, sem býður upp á „abstrakt ferðalag þvert á tungumál þar sem flökkutaugin, samkenndartaug líkamans er virkjuð.“ Við gerð þessa verks fengu þær Eirún Sigurðardóttir og Jóní Jónsdóttir tónskáldin Unu Sveinbjarnardóttur og Ólaf Björn Ólafsson til liðs við sig ásamt einvala liði kvikmyndagerðarfólks, dansara, leikara og fimleikafólks.

Á fyrri hluta tónleikanna er íslensk samtímatónlist í aðalhlutverki. Jónas Ásgeir Ásgeirsson harmonikkuleikari vann Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins síðasta vor, en hann hefur vakið mikla athygli hér heima og erlendis fyrir virtúósisík tók sín á hljóðfærinu og framúrskarandi túlkun á nýrri tónlist. Hér leikur hann tvo ólíka og hrifandi konserta með hljómsveitinni, annars vegar verk Þuríðar Jónsdóttur, Installation around a Heart og hins vegar harmonikkukonsert Finns Karlssonar. Tónleikarnir hefjast hins vegar á nýju verki Bergrúnar Snæbjörnsdóttur, Striations, sem pantað var af Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham árið 2022.

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Lin Wei  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Laufeý Sigurðardóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Kristján Matthíasson  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Justyna Bidler  
Hekla Finnsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Rita Þorfiris  
Þórarinn Már Baldursson  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sarah Buckley  
Kathryn Harrison

## Selló

Steineý Sigurðardóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Guðný Jónasdóttir  
Urh Mrak  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir

## Bassi

T.C. Fitzgerald  
Richard Korn  
Jacek Karwan  
Þórir Jóhannsson  
Hávarður Tryggvason

## Flauta

Astrid Bjelland  
Áshildur Haraldsdóttir

## Óbó

Julia Hantschel  
Matthías Nardeau

## Klarínnett

Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Ignas Mazvila  
Bryndís Þórsdóttir

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Ibsen Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Maximilian Riefellner

## Trompet

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Jón Arnar Einarsson  
Sigurður Þorbergsson

## Bassabásúna

Gunnar Helgason

## Túba

Tom Yaron Meyerson

## Harpa

Katie Buckley

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson

## Blómaskreytingar á sviði

Ragnhildur Fjeldsted

## Ljósahönnun

Helgi G Thoroddsen

---

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkeldsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Jökull Torfason  
*verkefnastjóri dagskráargerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvit Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfsdóttir  
*sviðs- og tækniamaður*

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA

A circular frame containing a scene from the movie 'Harry Potter and the Prisoner of Azkaban'. Harry Potter stands in the center, looking forward. To his left is Sirius Black, and to his right is Hermione Granger. In the background, a man with a beard (Peter Dinklage) is visible. The frame is decorated with intricate patterns and a sign that reads 'AZKABAN PRISON' with the number 'KY390'.

# Harry Potter

AND THE  
PRISONER  
OF AZKABAN

— IN CONCERT —

11.–13. APRÍL 2024

HARPA • REYKJAVÍK

Hljómsveitarstjóri: Timothy Henty

Miðasala á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) • [HarryPotterInConcert.com](http://HarryPotterInConcert.com)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

WIZARDING  
WORLD

PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES • BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademark, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR.

*Kvika eignastýring veitir allhliða  
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*

---



**KVIKA**

*Eignastýring*